



Samband íslenskra sveitarfélaga
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 23. mars 2020
Tilv.: HRN20030093/06.50.01

Efni: Fyrirspurn um túlkun á takmörkunum á skólahaldi vegna tónlistarskóla.

Heilbrigðisráðuneytið vísar til tölvupósts sem barst 17. mars 2020 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi túlkun á auglýsingu um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar vegna tónlistarskóla.

Ráðuneytið tekur undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga að allir viðburðir nemenda í tónlistarnámi falli niður. Er þá átt við alla hóptíma, svo sem hljómsveitartímar, hópæfingar, tónfundir, forskóli og tónfræðitímar. Skulu þeir færðir yfir í fjarkennslu og eða heimanám. Sömuleiðis skuli vegna frekari takmarkana sem hafa verið um starfsemi þar sem nálægð er mikil og einstaklingar úr ólíkum samfélagshópum skarast verulega því beint til ábyrgðaraðila að meta aðstæður til einstaklingskennslu á hverjum stað og skoða hvernig starfsemin geti mætt hertum kröfum. Hvatt er til þess að varúð sé höfð að leiðarljósi við þetta mat og litið til þess að aðrir möguleikar eru í stöðunni, einkum fjarkennsla og heimanám.

Hvað varðar einkatíma í tónlist er það mat ráðuneytisins, eftir samráð við mennta- og menningarmálaráðuneytið, að tónlistarskólum sem standa utan hins hefðbundna skólakerfis sé, óháð aldri nemenda, heimilt að sinna kennslu í einkatímum þegar fjarkennslu verður ekki komið við. Það er háð þeim skilyrðum að fjarlægð sé a.m.k. 2 metrar milli nemanda og kennara og helst meiri og að gætt sé að þrífum og sóttþreinsun, meðal annars á hljóðfærum og öðrum snertiflötum, sbr. auglýsingu nr. 216/2020, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, og auglýsingu nr. 243/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Loks skal almennt leitað leiða til að viðhalda virkni tónlistarnemenda vegna fjarveru. Einnig verði fundnar lausnir þannig að unnt verði að taka áfangapróf á vegum prófanefndar tónlistarskólanna þetta vor. Nákvæm útfærsla verður ólík milli sveitarfélaga/skóla, en það verði metið þegar takmarkanir falla úr gildi.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Sigurður Kári Arnason


Sævar Bachmann Kjartansson